

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um uppgjörsglur sveitarfélaga.

Frá Bergþóri Ólasyni.

1. Er flokkun og framsetning sveitarfélaga á fjárfestingarfasteignum í samræmi við framsetningu sveitarfélaga og annarra opinberra aðila í reikningsskilum á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu, svo sem hvað varðar félagslegt leiguhúsnaði? Samræmist slík flokkun skyldum Íslands um samræmda túlkun og beitingu samkvæmt EES-samningnum?
2. Ber sveitarfélögum að leggja fram hefðbundinn samstæðureikning við gerð samstæðureikningsskila og fara eftir lögum um ársreikninga við gerð hans í ljósi álits reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1/2020 þar sem fram kemur að ekki liggi fyrir með afdráttarlausum hætti hvort sveitarfélög eigi að setja fram reikningsskil sín fyrir A-hluta og B-hluta miðað við reglur samstæðureikningsskila eða samantekinna reikningsskila?
3. Er sveitarfélögum heimilt að leggja fram svonefnd samantekin reikningsskil samkvæmt reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, í stað hefðbundins samstæðureiknings?

Skriflegt svar óskast.